

MINJARÁÐ REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS

FUNDARGERÐ

Fundarstaður: Suðurgata 39

Fundartími: 8. nóvember 2016, kl. 15.00

Fundarritari: Björn Pétursson

Fundarmenn: Anna Lís Guðmundsdóttir, Arinbjörn Vilhjálmsson, Björn Pétursson, Margrét Pálsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir. Sólveig Jóhannsdóttir boðaði forföll.

Minjavörður setti annan fund minjaráðs Reykjavíkur og nágrennis og tekin fyrir mál á dagskrá:

1. **Verndarsvæði í byggð. Verkefni sem hlutu styrk úr húsafriðunarsjóði.** – GGG fór yfir stöðu mála og kynnti tvö verkefni sem fengu styrk á minjasvæði Reykjavíkur og nágrennis. Annars vegar Vesturbær Hafnarfjarðar á milli Reykjavíkurveggar, Vesturgötu, Hraunbrúar, Garðavegar, Norðurbrautar og Nönnustígs, og hins vegar Garðahverfi í Garðabæ. Alls fengu 21 verkefni styrk á landinu öllu og eru þau flest að hefjast um þessar mundir.
2. **Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum. Drög að áætlun vegna verkefna 2017. (sjá vef umhverfis- og auðlindaráðuneytis)** – GGG kynnti fyrir ráðinu ný lög er tóku gildi síðastliðið vor (nr. 20/2016) og drög að verkefnaáætlun fyrir komandi ár. Umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði verkefnastjórn sem sér um framgang verkefna er snúa að þessum lögum. Annars vegar er um að ræða verkefnaáætlun til þriggja ára og hins vegar skammtímaáætlun til eins árs skv. bráðabirgða ákvæði. Engin verkefni er snúa að menningarminjum voru samþykkt inn í skammtímaáætlunina af minjasvæði Reykjavíkur og nágrennis en á minjasvæðinu voru fjögur verkefni samþykkt: Esjan, Krýsuvíkurbjarg, Seltún og hellirinn Leiðarendi. Minjastofnun hafði lagt til að fjögur verkefni er snúa að minjasvæðum yrðu á skammtímaáætluninni en þeim var öllum hafnað, þetta voru Víkurgarður, Krýsuvíkurbærinn og tvö verkefni er snúa að stríðsminjum í Öskjuhlíð. Samkvæmt verkáætlun þurfa tillögur að verkefnum sem setja á inn í þriggja ára áætlunina að berast verkefnastjórninni fyrir næstkomandi áramót. Mæltist GGG til þess að meðlimir minjaráðsins Reykjavíkur og nágrennis skoði þetta vel og sendi henni tillögur að verkefnum ef þeir hafa.
3. **Starfsreglur minjaráða.** – GGG kynnti drög að starfsreglum minjaráða og mun hún senda þau gögn á ráðsmenn til skoðunar. Umræðu um reglur þessar var frestað til næsta fundar.
4. **Önnur mál.** – GGG kynnti að sameiginlegur fundur minjaráða sem fyrirhugaður var í lok árs hafi verið frestað um óákveðin tíma og að ársfundur Minjastofnunar verði haldinn fljótlega eftir áramót.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00